

# ÍSAN2KK05

*Búið til: Wed, 31 Jan 2024 10:22:40 GMT*

## Titill

Íslenskt samfélag í gegnum kvikmyndir

## Skammstöfun

ÍSAN2KK05

## Útgáfunúmer

22

## Námsgrein

Íslenska sem annað mál

## Viðfangsefni

Samfélag, kvikmyndir

## Staða

Samþykkt af skóla

## Þrep

2

## Einingafjöldi

5

## Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

### Lýsing

Að nemendur kynnist íslensku samfélagi frá því um 1960 - 2018 eins og það birtist í íslenskum kvikmyndum. Skoði og skilgreini þann menningarheim í ljósi fortíðar og nútíðar. Nemendur horfa á fimm til sjö íslenskar kvikmyndir. Meginmarkmiðið er að nemendur geri sér grein fyrir þeim samfélagsbreytingum sem átt hafa sér stað á Íslandi undanfarin 60 ár. Að athuga sérstaklega hvernig þessar breytingar hafa áhrif á einstaklinginn í samfélaginu með því að horfa á íslenskar kvikmyndir sem gerast á árunum upp úr 1960 til dagsins í dag. Námið byggir á virkri þátttöku nemenda þar sem þeir vinna verkefni í tengslum við hverja mynd og athuga trúverðugleika kvikmyndalistarinnar sem frásagnarmiðils.

### Forkröfur

10 einingar í ÍSAN á 1. þrepi

### Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Íslensku samfélagi
- Breytingum á íslensku samfélagi og áhrifa á einstaklinginn
- Íslenskri tungu

### Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Skoða og skilgreina menninguna sem birtist í kvikmyndunum
- Meta trúverðugleika kvikmyndalistarinnar sem frásagnarmiðils
- Tjá sig á íslensku, bæði munnlega og skriflega

### Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Skilja íslenskt samfélag
- Taka þátt í umræðu um íslenskt samfélag
- Verða öruggari samfélagsþegn

## Námsmat

Í áfanganum er viðhaft símat alla önnina. Verkefni nemenda, jafnt munnleg sem skrifleg, eru metin til einkunnar ásamt prófum sem lögð eru fyrir reglulega.

**Skólar**

**Fyrirmynd**